

hússvinnu í 18 mánuði og borga  $\frac{2}{3}$  af kostnaði málsins í hjerði in solidum, þó svo, að þau greiði að fullu 6 krónur í málsvarnarlaun til svaramanns síns, Th. Guðmundsens. Svo greiði þau og in solidum allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar á meðal til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, málaflutningsmanns Páls Melsteðs og organista P. Guðjohnsens 10 krónur til hvors í málsfærslulaun.

Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.

Nr. 33/1875:

Hið opinbera

gegn

Halldóri yfirkennara Friðrikssyni.

Dómur.

Mál þetta er rekið og dæmt í hjerði af Jóni landshöfðingjarítara Jónssyni, sem með landshöfðingjabrjefum 9. septembermán. og 13. októbermán. f. á. er skipaður til »á þessu hausti, og vetri þeim, er í hönd fer, að gegna með eigin ábyrgð þeim störfum viðvíkjandi upp-ræting fjárkláðans» í Árnassýslu vestan Hvítár, Gullbringu- og Kjósarsýslu og Reykjavíkur kaupstað, »sem hlutaðeigandi sýslumenn annars ættu að hafa á hendi».

Tjeður embættismaður virðist hafa skilið þessar skipanir þannig, að þær veittu honum löggilding til að setjast í dómarasæti og upp kveða dóma í þeim málum, er kynnu að rísa út af ráðstöfunum til að upp-ræta fjárkláðann, en þá skoðun getur yfirdómurinn ekki aðhyllt. Tilgangurinn með tjeðum landshöfðingjaskipunum virðist hafa verið sá, að fá fullkomna samstemmu í því, hvornig hinum umboðslegu ráðstöfunum til að upp-ræta fjárkláðann væri framfylgt á hinu

tiltekna svæði, með því að fela einum manni þau störf á hendur; en til þess að ná þessum tilgangi hefði það verið með öllu óþarft að taka um missiristíma allt dómsvald frá hinum reglulegu hjeraðsdómurum á nefndu svæði, er ekki fellur saman við neitt lögsagnar-umdæmi, í öllum málum, er kunna að rísa út af tjeð-um ráðstöfunum, og sem geta verið svo ólíks eðlis, sumpart einkamál, sumpart opinber mál, og fela þetta dómsvald hinum sama manni, enda væri slíkt svo gagn- stætt rjettarvenju hjer á landi og grundvallarreglum stjórnarskrárinnar um stöðu dómaranna, að það verður ekki álitíð að hafa verið meiningin, nema það sje með berum orðum sagt í skipunarbrjefunum. En það er svo langt frá, að svo sje, að skipunarbrjefin þvert á móti, eins og þau eru orðuð, að eins virðast hafa hin um- boðslegu störf sýslumannanna viðvíkjandi uppræting fjár- kláðans fyrir augum, því eins og það liggur næst, að skilja orðin: »störf þau viðvíkjandi uppræting fjárkláð- ans, sem annars bera undir hlutaðeigandi sýslumenn», um ráðstafanir þær, sem sýslumenn samkvæmt tilskip- unum 5. janúar 1866 og 4. marz 1871 eiga að fram- kvæma sem lögreglustjórar, þannig er og með berum orðum sagt í áður nefndu landshöfðingjabrjefi 13. októ- bermán. f. á., að Jón landshöfðingjaritari Jónsson sje skipaður lögreglustjóri í fjárkláðamálinu yfir svæði það, sem áður var nefnt, smbr. orðin: »skal svæði það, sem þjer, herra secretair, 9. f. m. voruð skipaður lög- reglustjóri yfir í fjárkláðamálinu, rýmkað þannig» o. s. frv., og loks hefur amtmaðurinn í suðuramtinu, eptir hvers ósk opt nefndar landshöfðingjaskipanir eru út gefnar, ávallt nefnt þennan embættismann í brjefum sínum til hans, sem lögð eru fram undir málinu, »hinn setta lögreglustjóra í fjárkláðamálinu», en lögreglustjór-

inn hefur sem slíkur ekki vald til að kveða upp dóma, eins og þann, sem hjer liggur fyrir.

Með því að yfirdómurinn þannig verður að álíta, að mál það, sem hjer liggur fyrir, sje rekið og dæmt af manni, sem ekki hafði löggilding til að sitja í dóm-  
arasæti, þá ber að dæma hinn áfrýjaða pólitírjettardóm og alla meðferð málsins í hjeraði ómerkt, og ber þá einnig að borga allan kostnað af málinu, þar á meðal laun hins skipaða sóknara og svaramanns, sem ákvarðast til 10 króna handa hvorum þeirra, úr opinberum sjóði.

Sókn og vörn málsins fyrir yfirdóminum hefur verið lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði pólitírjettardómur og öll meðferð málsins í hjeraði á ómerkt að vera. Allur kostnaður af málinu, þar á meðal málsfærslulaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, málaflutningsmanus Páls Melsteðs og organistá P. Guðjohnsens, 10 krónur til hvors, borgist úr opinberum sjóði.

Nr. 22/1875:

Bjarni Skúlason

gegn

Jóni Jónassyni.

D ó m u r.

Þar eð stefnuvottarnir eigi samkvæmt NL. 1—4 —2 og 4 hafa getið þess, hvort áfrýjunarstefnan sje birt hlutaðeiganda sjálfum eða á heimili hans, heldur að eins vottað, að hún væri birt honum á löglegan hátt, en stefnuvottarnir eigi eru bærir um að dæma um slíkt, þá ber, þar sem hinn stefndi hvorki hefur mætt nje